

Umsókn um styrk frá Byggðaráði Langanesbyggðar

Umsóknaraðili Bakkasystur ehf., kt. 420322-2320

Viðburður Grásleppan 2025

Matar og menningarhátíðin Grásleppan 2025 verður haldin í þriðja sinn laugardaginn 31 maí næstkomandi. Hátíðin hefur síðustu ár lífgað upp á mannlífið á Bakkafirði og Langanesbyggð allri.

Þegar hátíðin var haldin fyrst vorið 2023 voru markmið hennar að vekja athygli á mikilvægi grásleppunnar fyrir samfélagið, kynna afrakstur þróunarverkefnis um nýtingu grásleppunnar, en einnig að endurvekja hátíðarhöld í tengslum við sjómannadaginn á Bakkafirði. Íbúar og gestir hafa lýst mikilli ánægju með hátíðina, sem hefur auk jákvæðra viðbragða gesta fengið töluverða athygli í fjölmiðlum og stuðlað að jákvæðri umfjöllun um svæðið. Þessi mikli meðbyr sem grásleppuhátíðin og þróunarverkefnið, sem hófst á Bakkafirði, hafa fengið, gera skipuleggjendur bjartsýna um framtíðina og teljum við mikla möguleika vera fyrir hendi sem munu koma sér vel fyrir samfélagið í heild.

Síðustu tvær hátíðir hafa gefið okkur góða reynslu og gert okkur kleift að þróa skema fyrir hátíðina sem við vitum að gengur vel. Mikilvæg undirbúningsvinna hefur verið unnin, sem mun nýtast vel við hátíðir í framtíðinni. Grásleppan hefur fengið mikilvæga styrki frá Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Langanesbyggð, sem hafa tryggt metnaðarfulla og glæsilega hátíð. Auk þess hefur mikilvægur styrkur verið í formi hráefnis frá Bjarginu fiskvinnslu á Bakkafirði, Brimi á Vopnafirði og Biopol á Skagaströnd, sem eiga virka aðild að þróunarverkefninu.

Í ár er staðan örlítið önnur, þar sem aðgengi að styrkjum er ekki tryggt og mikil eftirsjá af Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Skipuleggjendur vilja þó halda áfram góðu starfi og er vilji bæði þeirra og íbúa Bakkafjarðar að festa hátíðina enn frekar í sessi. Til að tryggja framgang hátíðarinnar er einlæg ósk okkar skipuleggjenda að hátíðin njóti stuðnings Langanesbyggðar.

Kostnaður við hátíðina í þeirri mynd sem hún var árið 2024 var 2.667.021.-. Skipuleggjendur hafa lagt áherslu á að hátíðin sé gestum að kostnaðarlausu og að allir sem koma að henni fái greitt fyrir vinnu sína á einn eða annan hátt. Lögð hefur verið áhersla á að björgunarsveit og aðrir hópar innan byggðalagsins geti nýtt hátíðina í fjáröflun og njóti góðs af.

Við teljum að sú mikilvæga undirbúningsvinna sem hefur farið fram í hönnun og kynningarmálum muni nýtast vel fyrir komandi hátíðir, þannig að ekki verði þörf á eins mikilli vinnu á þeim sviðum og verið hefur síðustu ár. Hráfniskostnaður kemur alltaf til með að vera til staðar. Tónlistaratriði hafa verið vegleg og metnaðarfull, en hafa jafnframt í för með sér verulegan kostnað sem mætti skala niður ef þörf er á. Við viljum helst halda áfram að greiða fyrir vinnuframlag og styrkja björgunarsveit og aðra hópa í byggðarlaginu.

Byggt á ofangreindum forsendum er kostnaður vegna hátíðar 2025 gróflega áætlaður um **2.100.000.-**. Þó stefnt sé að því að sala á varningi og veitingum skili einhverjum tekjum til að mæta kostnaði, er ljóst að framtíð hátíðarinnar veltur á stuðningi sveitarfélagsins og fyrirtækja á svæðinu. Bakkasystur ehf., fyrir hönd aðstandenda hátíðarinnar, óska því eftir styrk frá Byggðaráði Langanesbyggðar til að fjármagna hátíðina árið 2025.

Með fyrirfram þökk og kveðju,

Bakkasystur ehf.